



Skipulagsnefnd Kópavogs
b.t. skipulagsfulltrúa Auður D. Kristinsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 01. júlí 2022
Tilvísun: 2020 11 0052
EMM/
Tilv. ykkar:

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna 3. áfanga Arnarnesvegar (411-07).



SKIPULAGS- OG LEYFISMÁL

Vegagerðin hefur undirbúið framkvæmdir við þriðja áfanga Arnarnesvegar (411-07) sem liggur á milli Rjúpnavegar í Kópavogi og Breiðholtsbrautar í Reykjavík.


Arnarnesvegur (411) er sýndur á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Vegna breytinga á útfærslu vegamótanna við Breiðholtsbraut var leitað álits Skipulagsstofnunar sem staðfesti með bréfi dags. 16.02.2021 að framkvæmdin skildi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarfélögin létu vinna sameiginlegt deiliskipulag fyrir Arnarnesveg (411-07) og er það skipulag í samþykktarferli hjá báðum sveitarfélögunum. Vísað er til þeirra gagna og umsagna sem fylgja deiliskipulaginu.

Haft verður samráð við byggingarfulltrúa sveitarfélaganna vegna mannvirkja sem háð eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160-2010.

Markmið framkvæmdarinnar er að tengja jaðarsvæði í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ við megin umferðaræðar og að þjónustustig samgangna verði í samræmi við kröfur og staðla. Einnig er lagning vegarins liður í að bæta viðbragðstíma neyðaraðila í efri byggðir höfuðborgarsvæðisins.




ÚTBOÐ og FRAMKVÆMDATÍMI

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Kópavogs, Reykjavíkur og Veitna. Vegagerðin mun sjá um útboðið og hafa umsjón með verkinu fyrir hönd verkkaupanna. Reiknað er með að eftirlit með verkinu og ráðgjöf til verkkaupanna á framkvæmdatíma, verði boðin út.

Áætlað er að verkið verði boðið út sumarið 2022 og að framkvæmdir geti hafist haustið 2022. Stefnt er að endanlegum verklokum haustið 2025.

Gerð hefur verið nokkuð ýtarleg áfangaskipting verksins þar sem kemur í ljós að lykilatriði í framvindu verksins er að ljúka breikkun Breiðholtsbrautar og bygging brúarinnar yfir Breiðholtsbraut. Þessi atriði haldast í hendur því til þess að skapa nauðsynlegt rými fyrir brúarsmíðina verða að vera möguleikar á að færa umferð milli akbrauta á Breiðholtsbraut. Brúnna þarf að klára sem fyrst svo efnisflutningar geti farið þar yfir. Samhliða þessum framkvæmdum verður unnið við veituframkvæmdir Veitna og skeringar í Arnarnesvegi. Gerð verður krafa um að framkvæmdum við Breiðholtsbraut verði lokið á fyrsta ári framkvæmdanna (haustið 2023).



HÖNNUN

Arnarnesvegur (411-07) er hannaður í vegflokki A22 þar sem heildarbreidd vegarins verður 22 m (öxl í öxl) þar sem rúmast 2+2 akreinar. Vakin er athygli á að í þessu útboði verður Arnarnesvegur lagður í 1+1 útfærslu, þó skorið verði fyrir veginum í fulla breidd. Hámarkshraði á Arnarnesvegi verður 60 km/klst.



Arnarnesvegur, horft til norðurs

Breiðholtsbraut (411-07) er hönnuð í vegflokki A22 þar sem heildarbreidd vegarins verður 22 m (öxl í öxl). Núverandi akbraut heldur sér að mestu en gerð verður ný akbraut sunnan við núverandi akbraut. Hámarkshraði á Breiðholtsbraut verður 60 km/klst.



Breiðholtsbraut, horft til austurs

Helstu mannvirki sem byggð verða í þessum áfanga, sjá myndir í fylgiskjöllum:

- Akstursbrú yfir Breiðholtsbraut með aðskildum göngu- og hjólastíg.
- Göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg sem tengir stofnstíga milli RVK og KOP.
- Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Suðurfell / Jaðarsel.
- Undirgöng undir Arnarnesveg við Rjúpnaveg.
- Hringtorg á mótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar.
- Hringtorg á mótum Arnarnesvegar og Vatnsendavegar.
- Stofnstígur gangandi og hjólandi frá Rjúpnavegi yfir í Elliðaárdal.
- Göngu- og hjólabrú á Dimmu.

Umsókn þessari fylgja verkeikningar sem merktar eru „í vinnslu“ þar sem endanlegri rýni verkkaupanna er ekki lokið. Ekki er búist við neinum grundvallarbreytingum frá fyrirbyggjandi teikningum.

EFNISMÁL OG NÁMUR

Í grófum dráttum er efnisjafnvægi heildarverksins þ.a. allar skeringar í klappir í vegsvæði Arnarnesvegar verða nýttar í undirbyggingu vega (fyllingarefni) á öðrum stöðum í verkinu. Um er að ræða 190.000 m³ (fast efni) sem verða nýttir innan framkvæmdasvæðisins.

Einnig leggst til töluvert efni úr skeringum Arnarnesvegar sem ekki er talið nothæft til vegagerðar. Stærsta hluta þessa efnis hefur Reykjavíkurborg óskað eftir að fá í fyrirhugaðan Vetrargarð þar sem það verður nýtt til að móta nýjar skíðabrekkur og landslag. Einnig verður þetta efni nýtt í hljóðmanir í verkinu.


Um er að ræða 140.000 m³ sem verða nýttir innan framkvæmdasvæðisins (Vetrargarður og manir) en umframefni er þá um 5.000 m³ sem fluttir verða á viðurkenndan losunarstað eða í önnur verk á vegum verkkaupanna.

Reiknað er með að allt unnið efni í styrktarlag og burðarlag vega og stíga komi verktaki til með að útvega úr námum í nágrenni við framkvæmdasvæðið (Lambafell / Bolaöldur).

Samtals er um að ræða 78.000 m³ af unnu steinefni sem fara í styrktar- og burðarlag vega og stíga. Gerð verður krafa um að verktaki kaupi aðeins efni úr námum sem eru á aðalskiplagi viðkomandi sveitarfélags og hafi nauðsynleg starfsleyfi.

HLJÓÐVIST

Verkfræðistofan Efla hefur kannað hljóðvist við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut. Hljóðvist er alls staðar undir viðmiðunarmörkum (55dB) þegar tekið hefur við tillit til nauðsynlegra mótvægisáðgerða.



Arnarnesvegur og Breiðholtsbraut, hljóðkort

Með vísun til 13. gr. Skipulagslaga, nr. 123/2010, sækir Vegagerðin hér með um framkvæmdaleyfi fyrir gerð 3. Áfanga Arnarnesvegar (411-07) í landi Kópavogs.

Samhljóða umsókn er send Skipulagsnefnd Reykjavíkur vegna framkvæmda í landi Reykjavíkur.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef óskað er frekari skýringa eða gagna.

Virðingarfyllst,



Einar M. Magnússon
Verkefnastjóri Framkvæmdadeild

Fylgiskjöl:

Teikningahefti verkhönnun, Verkís verkfræðistofa:

- 3. hefti Uppdrættir – Hluti A – Vegagerð
- 3. hefti Uppdrættir – Hluti B – Brýr og Undirgöng
- 3. hefti Uppdrættir – Hluti C - Veitur

Afrit:

Skipulagsnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

FYLGISKJÖL, MYNDIR

Myndin sýnir fjögurra akreina akstursbrú yfir Breiðholtsbraut með aðskildum göngu- og hjólastíg.



Myndin sýnir göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg. Brúin tengir saman stofnstígana sitt hvoru megin við Arnarnesveg.



Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Suðurfell.

Ný undirgöng eru vinstra megin á myndinni. Núverandi göng (hægra megin) verða rifin.




Hringtorg á mótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar



Hringtorg á mótum Arnarnesvegar og Vatnsendavegar.



Hægra megin á myndinni sjást undirgöng undir Arnarnesveg. Stofnstígur gangandi og hjólandi frá Rjúpnavegi yfir í Elliðaárdal.



Göngu- og hjólabrú á Dimmu.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026